

Borgarnesi, 17. des, 1992


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Ragna Árnadóttir  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Á síðasta stjórnarfundum SSV var rætt um frumvarp til laga um skattamál, 286. mál .og eftirfarandi bókað:

"Frumvarp til laga um breytingar í skattamálum, 286. mál. Stjórnin ræddi um þann kafla frumvarpsins, sem sérstaklega snertir sveitarfélögin þ.e. VII. kaflann um ráðstöfun tekjuskatts. Við samanburð á álagningu og innheimtu árið 1991 kemur í ljós að flest sveitarfélögin tapa verulegum tekjum við þessa breytingu. Meðal undantekninga frá því er að finna nokkra af stærstu kaupsstöðum landsins með háa álagningu aðstöðugjalda pr. íbúa en laka innheimtu árið 1991. Því telur stjórnin að finna þurfi réttlátari leið við ráðstöfun tekjuskatts til sveitarfélaga til að mæta raunverulegu tekjutapi þeirra við niðurfellingu aðstöðugjalds og stuðli jafnframt að auknum jöfnuði þeirra á milli."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Ingvi Stefánsson.